

Matvælaráðuneytið
bt. Jóns P. Stefánssonar
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Bréf þetta er einungis sent með rafrænum hætti.

Fjallabyggð, 27.04 2022.
Málsnr. 2204030 / EP

Efni: Ósk um afstöðu ráðuneytis varðandi afnám vinnsluskyldu.

Á 738. fundi bæjarráðs Fjallabyggðar var tekið til umfjöllunar erindi 10 útgerðaraðila smábáta dags. 5. apríl 2022 (*sjá fskj. 1*), á fundinum var eftirfarandi fært til bókar.

Inngangur.


Lagt fram erindi 10 útgerðaraðila smábáta dags. 5. apríl 2022, er varðar ósk þeirra um stuðning sveitarfélagsins við ósk þeirra um afnám vinnsluskyldu vegna byggðakvóta á yfirstandandi ári. Fram kemur í erindinu að ástæður beiðni séu að nú séu einungis tvær vinnslur í sveitarfélaginu og að önnur þeirra treysti sér ekki til að greiða verðlagsverð en hin kjósi helst að vinna þorsk undir 2 kg. Bestu lausnina á þeim vanda sem bréfitarar segja uppi, telja þeir vera að vinnsluskylda verði afnumin og vísa þar til fordæma s.s. í Skagafirði og á Skagaströnd.

Bókun bæjarráðs.

Bæjarráð þakkar erindið og samþykkir að fela bærarstjóra að rita Matvælaráðuneytinu erindi og óska eftir því að ráðuneytið taki afstöðu til framlagðs erindis.

Undirritaður hafði óformlegt samband við þær þrjár vinnslur sem nefndar eru í erindi smábataútgerðarmanna og leitaði eftir þeirra afstöðu til afnáms vinnsluskyldu í sveitarfélaginu. Niðurstaða umræddra samtala er að vinnsluaðilar leggjast gegn afnámi vinnsluskyldunnar, einn aðili nefndi þó að mögulega mætti afnema hana hluta úr fiskveiðiarinu þ.e. utan grásleppuvertíðar.

Hér með, í samræmi við ofangreinda bókun bæjarráðs, óskar undirritaður eftir formlegri afstöðu ráðuneytisins til þeirrar óskar sem fram er sett í erindi útgerðaraðila smábáta þ.e. að vinnsluskylda verði afnumin á yfirstandandi fiskveiðiári.



Virðingarfyllst.

A handwritten signature in black ink, reading "Elías Pétursson".

Elías Pétursson
bæjarstjóri

Bréf þetta er sent með rafrænum hætti á aðalnetfang ráðuneytisins (mar@mar.is) og Jón Þránd Stefánsson (jon.stefansson@mar.is)

Fylgiskjöl.

- 1. Erindi 10 útgerðaraðila smábáta í Fjallabyggð dags. 5. apríl 2022*